# Námsáætlun fyrir textílmennt - 3. bekkur
## skólaárið 2024– 2025

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku einn þriðja af skólaárinu.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum<br><br>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna<br><br>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum | Nemendur læra útsaumssporið krosssaum og sauma útsaumsmynd.<br><br>Vefnaðarverkefni nemendur vefa í hring á pappaspjald og búa til bolta.<br><br>Þurrþæfing með þæfingarnál, nemendur þæfa litla mynd. | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu<br><br>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt | Útssaumsmynd – nemendur sauma út kisu með krosssaumi í java og nota til þess perlugarn að eigin litavali.<br><br>Lítil mynd – nemendur teikna mynd eftir eigin hugmynd, yfirfæra á filtefni og þurrþæfa með ullarkembu. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menning og umhverfi** | -sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt<br><br>-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu<br><br>-tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.<br><br>-gengið frá eftir vinnu sína. | Nemendur læra um íslensku ullina og eiginleika hennar.<br><br>Vefnaðarverkefni bolti- ofið er úr garnafgöngum<br><br>Nemendur tjá sig um og útskýra verkefnavinnu sína.<br><br>Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma. | Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð. |
| Námsgögn:<br>Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans. | | | |
| Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt. | | | |